


# ÁRSSKÝRSLA

## FERÐAMÁLARÁÐS

### ÍSLANDS



# ÁRSSKÝRSLA UM STÖRF FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS 1989

ásamt yfirliti um fjölda erlendra ferðamanna

## FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Þann 1. október 1989 skipaði Steingrímur J. Sigfússon, samgönguráðherra, nýtt Ferðamálaráð til fjögurra ára. Í ráðinu sitja nú 23 einstaklingar, 18 eru fulltrúar hagsmunasamtaka, en 5 eru skipaðir án tilnefningar. Af þessu 23 fulltrúum eru 16 sem ekki hafa áður átt sæti í Ferðamálaráði og vil ég bjóða þá alla velkomna til þýðingarmikilla starfa í þágu íslenskrar ferðaþjónustu. Mér er einnig bæði ljúft og skylt að þakka öllu því ágæta fólki, sem lét af störfum í Ferðamálaráði þann 30. september s.l., fyrir mikið og gott starf í þágu atvinnugreinarinnar og ágæta viðkyrningu.

### Ferðamálaráð og framkvæmdastjórn er nú þannig skipað:

#### Án tilnefningar:

Kristín Halldórsdóttir, formaður  
Árni Þór Sigurðsson, varaformaður  
Erlingur Sigurðarson  
Ingibjörg Sigtryggisdóttir  
Puríður Backman

#### Varafultrúar:

Anna Hildur Hildibrandsdóttir  
Guðbjörg Ársælsdóttir  
Þorbjörg Samúelsdóttir  
Einar Ógmundsson  
Björn Vilmundarson

Aðrir meðlimir Ferðamálaráðs samkvæmt tilnefningu.

#### Félag hópferðaleyfishafa:

Júlíus Sigurbjörnsson  
Guðmundur Kjerúlf (varamaður)

#### Félag íslenskra ferðaskrifstofa:

Karl Sigurhjártarson  
Ingólfur Hjartarson (varamaður)

#### Félag leiðsögumanna:

Birna G. Bjarnleifsdóttir  
Helgi Guðmundsson (varamaður)

#### Félag sérleyfishafa:

Ágúst Hafberg  
Gunnar Sveinsson (varamaður)

#### Ferðafélag Íslands:

Páll Sigurðsson  
Höskuldur Jónsson (varamaður)

#### Flugleiðir h.f.:

Pétur J. Eiríksson  
Einar Gústavsson (varamaður)

#### Náttúruverndarráð:

Þóroddur F. Þóroddsson  
Ingvi Þorsteinsson (varamaður)

#### Samband veitinga- og gistihúsa:

Bjarni I. Árnason  
Wilhelm Wessman (varamaður)

#### Önnur flugfélög en Flugleiðir h.f.:

Magnús Oddsson  
Hörður Guðmundsson (varamaður)

#### Ferðaþjónusta bænda:

Páll Richardsson  
Kristleifur Þorsteinsson (varamaður)

#### Reykjavíkurborg:

Júlíus Hafstein  
Ólafur Jónsson (varamaður)

#### Ferðamálasamtök vesturlands:

Svanborg Siggeirsdóttir  
Jón Pálmi Pálsson (varamaður)

#### Ferðamálasamtök Vestfjarða:

Pétur Bjarnason  
Áslaug Alfreðsdóttir (varamaður)

#### Ferðamálasamtök norðurlands vestra:

Jón Gauti Jónsson  
Guðmundur Sigvaldason (varamaður)

#### Ferðamálasamtök norðurlands eystra:

Þorleifur Þór Jónsson  
Jón Pétur Líndal (varamaður)

#### Ferðamálasamtök austurlands:

Árni Stefánsson  
Sigurborg Hannesdóttir (varamaður)

#### Ferðamálasamtök suðurlands:

Jóhannes Sigmundsson  
Hjörtur Þórarinnsson (varamaður)

#### Ferðamálasamtök suðurnesja:

Steindór Sigurðsson  
Pétur Jóhannsson (varamaður)

#### Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins

##### (áheyrnarfulltrúar):

Jóna Gróa Sigurðardóttir  
Þórarinn Jón Magnússon (varamaður)

#### Framkvæmdastjórn:

Kristín Halldórsdóttir, formaður  
Árni Þór Sigurðsson, varaformaður  
Karl Sigurhjártarson, Fél. ísl. ferðaskrifst.  
Pétur J. Eiríksson, Flugleiðir h.f.  
Bjarni I. Árnason, SVG  
Jón Gauti Jónsson, Ferðamálasamtök norðurlands eystra

#### Til vara:

Páll Richardsson, Ferðaþjónusta bænda

Ferðamálaráð hélt 4 fundi á árinu og stjórnarfundir voru 19.

## Rekstrarkostnaður:

Rekstrarkostnaður Ferðamálaráðs varð kr. 44,766,762,00 á árinu 1989 og skiptist þannig á helstu verkefni:

Laun og almennur rekstur skrifstofu í Reykjavík	10,633,160
Rekstur skrifstofu í Frankfurt (56 %)	8,064,740
Rekstur skrifstofu í New York	7,266,482
Önnur landkynning	9,264,502
Umhverfismál	217,118
Rekstur Upplýsingamiðstöðvar (50%)	6,060,113
Önnur starfsemi	3,260,647

Þann 31. 12. 1989 nam skuld Ferðamálaráðs við Seðlabanka Íslands 8,2 milljónum króna. Skuld þessi er þannig til komin að áður en fjárlög ársins voru endanlega samþykkt á Alþingi, varð stjórn ráðsins að taka ákvarðanir um þátttöku í nokkrum þýðingarmiklum verkefnum, auk þess sem gengi Bandaríkjadollars hækkaði mikið á árinu. Helstu verkefni sem hér um ræðir voru sameiginlegt kynningarátak Norðurlandanna og sameiginlegar auglýsingar Ferðamálaráðs og Flugleiða í Bandaríkjunum, svo og samningur við umboðsaðila Lindu Pétursdóttur, sem kjörin var Ungfrú Heimur haustið 1988, um þátttöku hennar í ýmsum upptökum í sambandi við kynningu og sölu Íslandsferða. Eftir fundi með Fjárveitinganefnd Alþingis og tilheyrandi bréfaskriftir, hafði stjórn ráðsins fulla ástæðu til að ætla að Ferðamálaráð fengi meira fé til ráðstöfunar en raun varð á, en auk þess var útilokað að sjá fyrir hið mikla hrun á verðgildi krónunnar okkar sem raun varð á. Það er vitaskuld hið mesta óréttlæti að gengismunur skuli ekki sjálfkrafa fást bættur þegar um er að ræða starfsemi eins og þá, sem Ferðamálaráð hefur með höndum.

Eins og raun hefur verið á allt frá því að gildandi lög um ferðamál voru sett árið 1976, var Ferðamálaráð í miklu fjársvelli á árinu 1989, og hafði enga möguleika á að sinna nema litlum hluta þeirra verkefna, sem því er uppálagt samkvæmt lögum. Alltof mikill tími ráðsmanna og undirritaðs fór í umfjöllun um fjármál, eða réttara sagt hvernig ráðstafa skyldi fjármuninum sem ekki reyndust vera fyrir hendi.

## Fjöldi erlendra ferðamanna.

130.503 erlendir ferðamenn sóttu Ísland heim á árinu 1989, 1.670 einstaklingum fleira en árið á undan. Aldrei fyrr hafa erlendir ferðamenn verið jafn margir. Raunar er þetta heldur minni aukning en almennt hafði verið reiknað með í upphafi ársins. Vonast hafði verið eftir áframhaldandi aukningu ferðamanna frá Skandinavíu og Hollandi, en sú von brást auk þess sem Bandaríkjamönnum fækkaði um 20% annað árið í röð og var í því tilviki fyrst og fremst um fækkun svonefndra „stop-over“ farþega að ræða. Þar sem fleiri „pakkaferðir“ seldust í Bandaríkjunum á árinu en árið 1988 hafa tekjurnar sennilega ekki lækkað þar, þó svo farþegum fækkaði, eins og fyrr segir,.

Ferðamönnum fjölgaði mest, miðað við höfðatölu, frá Vestur-Þýskalandi, eða um 2,422 einstaklinga, en það jafngildir 15,2%. Frá Bretlandseyjum nam aukningin 13,9 %, frá Frakklandi 33,3%, frá Austurríki 48% og frá Sviss 24,5%. Þessi mikla aukning frá meginlandi Evrópu og Bretlandseyjum gerði meira en að vega upp á móti fækkun þeirri sem að framan getur og heildarfjöldi gistinátta jókst mun meir en sem nemur fjölgun einstaklinga. Um þetta liggja þó ekki fyrir endanlegar tölur ennþá.

Skipting ferðamanna eftir þjóðerni og breyting milli ára var sem hér greinir:


<b>Þjóðerni</b>	<b>1988</b>	<b>1989</b>	<b>Breyting</b>
Bandaríki Norður-Ameríku	28,724	22,952	-20,09%
Önnur lönd Ameríku	1,701	1,658	-2,53%
Danmörk	16,398	16,159	-1,46%
Svíþjóð	17,322	16,430	-5,15%
Noregur	9,767	1,061	-7,23%
Finnland	3,676	4,409	19,94%
Stóra Bretland	10,525	11,990	13,92%
Írland	425	574	35,06%
Vestur-Þýskaland	15,894	18,316	15,24%
Frakkland	6,141	8,187	33,32%
Belgía	742	1,017	37,06%
Holland	2,832	2,516	-11,16%
Luxembourg	353	378	7,08%
Austurríki	2,142	3,171	48,04%
Sviss	3,817	7,453	24,52%
Ítalía	2,801	2,981	6,43%
Japan	993	1,254	26,28%
Önnur Asíulönd og Afríka	1,065	1,719	61,41%
Ástralía og Nýja Sjáland	707	620	-12,31%
Aðrir	2,808	2,358	-16,03%
<b>Samtals</b>	<b>128,803</b>	<b>130,503</b>	<b>1,30%</b>

Auk þess komu samtals 8,606 farþegar til landsins með 17 skemmtiferðaskipum og komu því samtals 139,109 útlendingar til landsins á árinu 1989 eða að jafnaði 381 á hverjum degi. Til fróðleiks skulu hér birtar töflur og línurit um þróun farþegafjölda til landsins.

## FJÖLDI FARPEGA TIL LANDSINS 1949 TIL 1989

	ÍSLEND- INGAR	Norður- landabúar	Bretar	V-Pjóð- verjar	Banda- ríkjamenn	Önnur lönd	ÚTLEND- INGAR ALLS	FAR- PEGAR ALLS
<b>Fjöldi</b>								
1949	6.376	1.773	796	580	1.810	353	5.312	11.688
1950	4.312	1.824	717	200	1.340	302	4.383	8.695
1951	4.780	1.646	920	175	1.003	340	4.084	8.864
1952	4.943	2.031	1.023	206	1.137	426	4.823	9.766
1953	5.183	1.878	737	272	3.024	469	6.380	11.563
1954	6.566	2.907	584	424	2.452	476	6.843	13.409
1955	7.112	3.682	648	648	3.778	718	9.474	16.586
1956	8.751	4.210	779	812	2.872	844	9.517	18.268
1957	8.858	4.339	854	785	2.432	869	9.279	18.137
1958	8.239	4.940	919	883	2.512	857	10.111	18.350
1959	9.712	6.352	870	1.162	2.942	970	12.296	22.008
1960	9.491	6.092	1.162	1.257	3.123	1.172	12.806	22.297
1961	10.078	5.215	1.705	1.494	3.700	1.402	13.516	23.594
1962	11.227	6.848	2.155	1.725	4.561	1.960	17.249	28.476
1963	13.124	6.406	2.520	1.974	4.376	2.299	17.575	30.699
1964	16.746	8.048	2.980	2.603	6.180	3.158	22.969	39.715
1965	18.679	10.353	3.114	3.374	7.997	4.041	28.879	47.558
1966	23.147	9.857	3.718	4.580	11.756	4.822	34.733	57.880
1967	26.368	9.120	4.515	3.991	13.191	6.911	37.728	64.096
1968	20.848	9.835	3.968	4.231	15.278	7.135	40.447	61.295
1969	19.482	9.023	4.637	4.621	17.934	7.884	44.099	63.581
1970	26.899	10.600	5.295	5.497	22.352	9.164	52.908	79.807
1971	32.205	10.363	5.785	6.460	27.588	10.523	60.719	92.924
1972	37.807	12.972	7.127	7.369	28.124	12.434	68.026	105.833
1973	47.661	17.886	5.317	8.084	29.499	13.233	74.019	121.680
1974	54.941	16.947	4.306	7.872	26.587	12.467	68.476	123.417
1975	51.438	18.967	5.649	7.966	25.053	14.041	71.676	123.114
1976	59.879	17.185	3.305	10.147	24.095	15.448	70.180	130.059
1977	70.992	17.920	4.648	11.390	22.574	16.158	72.690	143.682
1978	80.273	19.194	5.529	11.942	23.512	15.523	75.700	155.973
1979	73.489	20.990	6.761	9.761	22.525	16.875	76.912	150.401
1980	69.270	19.673	6.876	9.112	15.260	15.000	65.921	135.191
1981	77.825	20.145	7.880	9.160	17.904	16.809	71.898	149.723
1982	85.314	19.563	7.276	8.595	20.824	16.342	72.600	157.914
1983	79.695	19.385	8.868	8.821	24.915	15.603	77.592	157.287
1984	89.728	22.416	9.398	9.615	27.293	16.468	85.190	174.918
1985	95.662	28.374	9.720	9.419	31.633	18.297	97.443	193.105
1986	111.621	34.541	10.264	13.601	32.700	22.422	113.528	225.149
1987	142.797	45.073	10.597	14.011	35.669	23.965	129.315	272.112
1988	149.211	47.463	10.525	15.588	28.724	26.523	128.823	278.034
1989	142.579	46.059	11.990	18.316	22.952	31.186	130.503	273.082
Hlutfallsleg skipting.								
1949	54,6%	15,2%	6,8%	5,0%	15,5%	3,0%	45,4%	100,0%
1954	49,0%	21,7%	4,4%	3,2%	18,3%	3,5%	51,0%	100,0%
1959	44,1%	28,9%	4,0%	5,3%	13,4%	4,4%	55,9%	100,0%
1964	42,2%	20,3%	7,5%	6,6%	15,6%	8,0%	57,8%	100,0%
1969	30,6%	14,2%	7,3%	7,3%	28,2%	12,4%	69,4%	100,0%
1974	44,5%	13,7%	3,7%	6,4%	21,5%	10,1%	55,5%	100,0%
1979	48,9%	14,0%	4,5%	6,5%	15,0%	11,2%	51,1%	100,0%
1984	51,3%	12,8%	5,4%	5,5%	15,6%	9,4%	48,7%	100,0%
1989	52,2%	16,9%	4,4%	6,7%	8,4%	11,4%	47,8%	100,0%
Breyting milli ára (%).								
1949								
1954	3,0	64,0	-26,6	-26,9	35,5	34,8	28,8	14,7
1959	47,9	118,5	49,0	174,1	20,0	103,8	79,7	64,1
1964	72,4	26,7	242,5	124,0	110,1	225,6	86,8	80,5
1969	16,3	12,1	55,6	77,5	190,2	149,7	92,0	60,1
1974	182,0	87,8	-0,7	70,4	48,2	58,1	55,3	94,1
1979	33,8	23,9	46,9	24,0	-15,3	35,4	12,3	21,9
1984	22,1	6,8	39,0	-1,5	21,2	-2,4	10,8	16,3
1989	58,9	105,5	27,6	90,5	-15,9	89,4	53,2	56,1

### FJÖLDI FARPEGA TIL LANDSINS 1949 TIL 1989



## FARPEGAR TIL LANDSINS ÁRSPRIÐJUNGSLEGA 1983 TIL 1989

	Janúar til apríl			Maí til ágúst			Sept. til desember			ALLS:		
	Fjöldi	%	Breyt. frá fyrra ári	Fjöldi	%	Breyt. frá fyrra ári	Fjöldi	%	Breyt. frá fyrra ári	Fjöldi	%	Breyt. frá fyrra ári
<b>Farþegar alls</b>												
1983	26.847	17,1		89.639	57,0		40.801	25,9		157.287	100,0	
1984	28.832	16,5	7,4	100.002	57,2	11,6	46.084	26,3	12,9	174.918	100,0	11,2
1985	34.531	17,9	19,8	105.266	54,5	5,3	53.308	27,6	15,7	193.105	100,0	10,4
1986	36.772	16,3	6,5	120.848	53,7	14,8	67.529	30,0	26,7	225.149	100,0	16,6
1987	47.457	17,4	29,1	143.313	52,7	18,6	81.342	29,9	20,5	272.112	100,0	20,9
1988	52.420	18,9	10,5	144.779	52,1	1,0	80.835	29,1	-0,6	278.034	100,0	2,2
1989	54.090	19,8	3,2	147.316	53,9	1,8	71.676	26,2	-11,3	273.082	100,0	-1,8
<b>Útlendingar</b>												
1983	10.917	14,1		50.943	65,7		15.732	20,3		77.592	100,0	
1984	12.309	14,4	12,8	57.049	67,0	12,0	15.832	18,6	0,6	85.190	100,0	9,8
1985	14.682	15,1	19,3	60.899	62,5	6,7	21.862	22,4	38,1	97.443	100,0	14,4
1986	16.083	14,2	9,5	70.509	62,1	15,8	26.936	23,7	23,2	113.528	100,0	16,5
1987	21.207	16,4	31,9	78.097	60,4	10,8	30.011	23,2	11,4	129.315	100,0	13,9
1988	21.451	16,7	1,2	78.612	61,0	0,7	28.760	22,3	-4,2	128.823	100,0	-0,4
1989	22.645	17,4	5,6	82.709	63,4	5,2	25.149	19,3	-12,6	130.503	100,0	1,3
<b>Íslendingar</b>												
1983	15.930	20,0		38.696	48,6		25.069	31,5		79.695	100,0	
1984	16.523	18,4	3,7	42.953	47,9	11,0	30.252	33,7	20,7	89.728	100,0	12,6
1985	19.849	20,7	20,1	44.367	46,4	3,3	31.446	32,9	3,9	95.662	100,0	6,6
1986	20.689	18,5	4,2	50.339	45,1	13,5	40.593	36,4	29,1	111.621	100,0	16,7
1987	26.250	18,4	26,9	65.216	45,7	29,6	51.331	35,9	26,5	142.797	100,0	27,9
1988	30.969	20,8	18,0	66.167	44,3	1,5	52.075	34,9	1,4	149.211	100,0	4,5
1989	31.445	22,1	1,5	64.607	45,3	-2,4	46.527	32,6	-10,7	142.579	100,0	-4,4



## GJALDEYRISTEKJUR

Gjaldeyrstekjur af seldri þjónustu til handa erlendum ferðamönnum jukust um 203 m.kr. á árinu 1989 miðað við árið 1988, þrátt fyrir að fargjaldatekjur í millilandaflugi minnkuðu um 150 m.kr., og hafa gjaldeyrstekjur síðarnefnda árið þá verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1989. Með tilliti til þess, sem að framan segir um fjölda ferðamanna frá hinum ýmsu löndum, þarf það ekki að koma á óvart að gjaldeyrstekjurnar aukast þetta mikið meira en fjöldi einstaklinga. Skýringin er einfaldlega sú að meðal dvalartíminn hefur lengst um leið og Evrópubúum hefur fjölgað og viðvalarfarþegum Flugleiða fækkað, en mikill meirihluti þeirra voru Bandaríkjamenn, sem dvöldu hér í 1-3 sólarhringa.

Til ferðalaga erlendis notuðum við Íslendingar 10,406 m.kr. á árinu 1989 en það er 750 m.kr. minna en árið á undan. Þetta þýðir að við öfluðum 127 m. kr. meira en við eyddum erlendis og er það mjög góður og eftirtektarverður árangur.

## STARFSEMIN ERLENDIS

Rekstur skrifstofa Ferðamálaráðs í Frankfurt og New York var með hefðbundnum hætti, undir öruggri stjórn Gunnars W. Jóhannssonar og Unnar Georgsson. Þátttaka í ferðasýningum var stór þáttur í starfseminni beggja megin hafsins og er hann bæði tímafrekur og kostar verulegar fjárhæðir. Árangurinn er á hinn veginn ótvíræður og þetta starf þarf að auka, svo og starfsemi skrifstofanna erlendis almennt.

Ferðamálaráð tók virkan þátt í starfi Norræna ferðamálaráðsins (Nordisk Turistråd), og ETC (European Travel Commission). Auglýsingaherferð fyrrnefndu samtakanna í Bandaríkjunum hófst í ársbyrjun og stendur í 3 ár, þ.e. einnig árin 1990 og 1991. Samtals verður varið 600 milljónum króna til þessa átaks.

## FERÐAMÁLANEFND

Þann 1. júní skipaði Steingrímur J. Sigfússon samgönguráðherra 9 manna nefnd sem hlaut nafnið "Ferðamálanefnd Samgönguráðuneytisins". Formaður nefndarinnar er Hjörleifur Guttormsson alþingismaður. Verkefni nefndarinnar eru tilgreind þannig:

1. Könnun á samkeppnisaðstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu hér á landi í samanburði við nágrannalöndin.
2. Endurskoðun á opinberri stefnu í ferðamálum og tillögur um æskilega þróun þeirra mála.
3. Endurskoðun laga um ferðamál.

Nefndin hefur haldið 30 fundi og m.a. rætt við 130 hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Áfangaskýrslu hefur verið skilað til samgönguráðherra, sem mun leggja fram tillögu til þingsályktunar á grundvelli hennar á Alþingi fyrir þinglok í vor. Í sumar mun nefndin vinna að tillögum að nýjum lögum um ferðamál. Frumvarp til nýrra laga verður væntanlega lagt fram fljótlega eftir að Alþingi kemur saman í haust og um leið lýkur nefndin störfum.

Því er ekki að leyna, að miklar vonir eru bundnar við störf nefndarinnar, og vonandi næst nú víðtæk samstaða um áframhaldandi uppbyggingu þessa þýðingarmikla atvinnuvegar, þó svo áherslur kunni eitthvað að breytast.

## FJÖLMIÐLABIKAR

Fjölmiðlabikar Ferðamálaráðs hlaut Örlygur Hálfánarson, bókaútfandi. Örlygur hefur unnið ferðamálum á Íslandi ómetanlegt gagn með útgáfu ferðabóka eftir innlenda og erlenda höfunda og varðveitt með því dýrmætar heimildir. Í mínum huga ber þó Ferðahandbókina hæst, en með útgáfu hennar á sínum tíma braut Örlygur stórt blað á vettvangi ferðalaga Íslendinga um eigið land. Hafi hann bæði heiður og þökk fyrir þessi störf sín.

## LEIÐSÖGUSKÓLI FERÐAMÁLARÁÐS

9. starfsár skólans hófst í október og 40 leiðsögumenn munu útskrifast í maí á yfirstandandi ári. Birna Bjarnleifsdóttir hefur stjórnað skólanum frá upphafi af miklum dugnaði og áhuga. Íslensk ferðaþjónusta stendur í mikilli þakkarskuld við Birnu fyrir þessi og önnur störf hennar að íslenskum ferðamálum.

## UMHVERFISMÁL

Mjög er nú til siðs að fjalla af miklum fjálgleik um umhverfismál í fjölmiðlum. Orðið landgræðsluskógar er á hvers manns vörum, en ég hefi grun um að mörgum sé líkt farið og undirrituðum, að átta sig ekki fullkomlega á merkingu þessa athyglisverða nýja orðs. Ég er þeirrar skoðunar, að ef staðið hefði verið við þau loforð, sem fylgdu "þjóðargjöfinni" svonefndu og aðrar fjárveitingar til Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti, hefðu landsmenn getað sparað sér að hrísta tugi milljóna fram úr ermum sínum í nýafstaðinni landssöfnun Stöðvar 2. Sé það rétt, að ríkissjóður muni síðan taka til sín u.þ.b. 15 milljónir af söfnunarfénu, er hér um ógeðfellda skattheimtu að ræða.

Umhverfismál ferðapjónustunnar verða ekki leyst með landgræðsluskógum. Í þess stað þarf Landgræðslan að fá fjármuni til kaupa á fræi og áburði og græða á þann hátt óteljandi sár í byggð og á hálendi. Til viðbótar verður einfaldlega að tína upp og fjarlægja rusl í þéttbýli og strjálbýli. Þessi verkefni ásamt hreinsun lofts og vatns, bíða ennþá sameiginlegs átaks og úrlausna þeirra sem vilja hlut íslenskrar ferðapjónustu sem mestan.

## LOKAORÐ

Í ársskýrslu sem þessari verður að stikla á stóru og því ekki hægt að fjalla um nema lítinn hluta þeirra fjölmörgu verkefna, sem Ferðamálaráð glímdi við á árinu 1989. Greinargóðar upplýsingar er hins vegar að finna í fundargerðum ráðsins, stjórnar og nefnda, sem auk þess verða sögulegar heimildir um uppbyggingu ferðapjónustunnar á Íslandi. Allar fundargerðir frá því Ferðamálaráð var stofnað árið 1964, eru til innbundnar á skrifstofu ráðsins og eru þær nú þegar hin fróðlegasta lesning.

Ég þakka fulltrúum í Ferðamálaráði og starfsfólki Samgönguráðuneytisins gott samstarf á árinu 1989.

Birgir Þorgilsson  
ferðamálastjóri

